

Ed.

392. Nefndarálit

[35. mál]

um frv. til laga um bátaábygðarfélög.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað mál þetta og rætt það á fundum sínum. Nefndin kynnti sér umsagnir, sem borizt höfðu um málið, en varð eigi sammála um afgreiðslu þess. Minni hluti nefndarinnar, Helgi Bergs og Ólafur Jóhannesson, mun því skila sérstöku nefndaráliti.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem hann hefur leyft sér að flytja tillögur um á sérstöku þingskjali. Einn nefndarmanna, sem styður breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar, Gils Guðmundsson, vill þó taka fram, að hann hefur óbundnar hendur um að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. marz 1967.

Jón Árnason,	Friðjón Skarphéðinsson,	Sveinn Guðmundsson.
form., frsm.	fundaskr.	
Þorvaldur G. Kristjánsson.	Gils Guðmundsson,	með fyrirvara.